

REGLUR

um takmörkun á fjölda nemenda í tilteknum námsgreinum við Háskóla Íslands háskólaárið 2002-2003.

1. gr.

Fjöldatakmörkun í læknadeild.

Fjöldi nemenda á vormisseri 1. námsárs í læknisfræði takmarkast við töluna 48.

Um val nemenda í læknisfræði gilda reglur um val stúdenta til læknisnáms sem háskólaráð setti þann 26. mars 1992, sbr. ákvæði reglna nr. 885/2001 og 134/2002, og birtar eru sérstaklega.

Fjöldi nemenda á vormisseri 1. námsárs í sjúkraþjálfun takmarkast við töluna 20.

Um val nemenda í sjúkraþjálfun gilda reglur um val stúdenta til náms í sjúkraþjálfunarskor sem háskólaráð setti þann 26. mars 1992 og birtar eru í kennsluskrá.

2. gr.

Fjöldatakmörkun í hjúkrunarfræðideild.

Fjöldi nemenda á vormisseri 1. námsárs í hjúkrunarfræði takmarkast við töluna 65.

Um val nemenda í hjúkrunarfræði gilda reglur sem háskólaráð setti þann 14. júní 2002, og birtar eru sérstaklega.

Fjöldi nemenda í ljósmóðurfræði takmarkast við töluna 10.

Um val nemenda í ljósmóðurfræði gilda reglur um val nemenda til náms í ljósmóðurfræði sem háskólaráð setti þann 5. október 1995 og birtar eru í kennsluskrá.

3. gr.

Fjöldatakmörkun í tannlæknadeild.

Fjöldi nemenda á vormisseri 1. námsárs í tannlæknadeild takmarkast við töluna 6.

Um val nemenda gilda reglur tannlæknadeildar um samkeppnispróf sem birtar eru í kennsluskrá.

4. gr.

Fjöldatakmörkun í félagsvísindadeild.

Fjöldi nýrra nemenda í hagnýtri fjölmiðlun takmarkast við töluna 20.

Fjöldi nýrra nemenda í námsráðgjöf takmarkast við töluna 16.

Fjöldi nýrra nemenda í félagsráðgjöf takmarkast við töluna 18.

Fjöldi nýrra nemenda í kennslufræði til kennsluréttinda takmarkast við töluna 50.

Fjöldi nýrra nemenda í cand. psych. námi takmarkast við töluna 12.

Val nemenda í ofangreindum greinum fer fram á grundvelli umsókna sem bárust félagsvísindadeild fyrir 1. apríl 2002. Umsóknir eru afgreiddar í samræmi við reglur félagsvísindadeildar sem birtar eru í kennsluskrá.

5. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar sem háskólaráð hefur sett, að fengnum tillögum háskóladeilda og á grundvelli heimildar í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, gilda fyrir háskólaárið 2002-2003.

Háskóla Íslands, 28. júní 2002.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.